

L Ö G

um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenskum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.

2. gr.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. kemur því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið, mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenskum lögum. Um upphæð skaðabótanna, svo og um það, hvaða hagsmuni bæta skuli, fer og eftir íslenskum lögum. Þó er hámark hverrar kröfu á hendur ríkissjóði samkv. lögum þessum kr. 50000.

3. gr.

Bótakröfur samkvæmt lögum þessum má sækja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og svarar fjármálaráðuneytið til sakar.

4. gr.

Nú hefur sá, er tjón beðið, tekið við greiðslu skaðabóta frá þeim, sem valdur var að tjóninu, og er þá ábyrgð ríkissjóðs lokið, hvort sem hann fékk fullar bætur eða eigi.

Bótaskylda ríkissjóðs gildir ekki gagnvart váttryggjanda, er bætur hefur greitt vegna tjónsins. Tjónþoli getur eigi heldur krafist ríkissjóð bóta að svo miklu leyti sem hann fær tjónið bætt af váttryggjanda.

Nú er bótakrafa eigi komin til ráðuneytisins innan eins árs frá því, að tjónið varð, og er þá bótaskylda ríkissjóðs niður fallin. Fyrningarfrestur á kröfum, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laga þessara, telst þó frá gildistökudegi þeirra.

5. gr.

Nú greiðir ríkissjóður skaðabætur samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá bótakröfu þá, er sá, sem þær bætur fékk, kann að eiga á hendur þeim, er tjóninu hefur valdið, eða öðrum.

6. gr.

Lög þessi gilda um allar skaðabótakröfur samkv. 1. gr., sem til hafa orðið frá 7. júlí 1941.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.